

# SVEITAPÓSTURINN

MS fréttir til bænda 2. töl. 2. árg. 15. febrúar 2006

## Leiðari mánaðarins

Mjólkurframleiðslan hefur verið að síga upp á við og var ánægjulegt að sjá að í upphafi þessa árs fór hún fram úr framleiðslu síðasta árs á MS svæðinu. Ég þakka öllum bændum fyrir framlag þeirra við að bæta stöðuna en vil þó nota tækifærið og hvetja ykkur til að gera enn betur ef mögulegt er. Ef vel á að vera þyrftum við að auka framleiðsluna á þessu ári um 4-5 milljónir lítra umfram framleiðslu síðasta árs til að geta byggt upp eðlilegar öryggisbirgdir í dufti og ekki síður til að geta sinnt af alvöru spennandi útflutningsverkefnum í Bandaríkjunum og Færeyjum. Búið er að taka ákvörðun um að framlengja greiðslu á hvatningarálagi út apríl en það eru 1,70 kr á hvern líter.

Sala mjólkurafurða gekk vel í janúar en fjöldi söludaga var 22 í ár á móti 21 í fyrra og munar þar um einn þriðjudag sem er frekar slakur söludagur. Í ferskvörðunni sáum við um 2% aukningu milli ára. Mest var aukningin í stöðvörum (G-mjólk og rjómi) og markfæði (AB-mjólk og bætiefnavörur). Sala á osti og viðbiti hjá Osti- og smjöröslunni gekk ákaflega vel í janúar og er söluaukningin 13% í magni á milli ára. Sala á smjöri heldur áfram að aukast sem er mjög ánægjulegt og stuðlar að lækkun útflutningskostnaðar. Þess ber þó að geta að janúar einn og sér er mjög stutt sölutímabil og því ekki hægt að alhæfa mikið um framhaldið en byrjunin er engu að síður mjög góð.

MS skilgreinir sig sem markaðsdrifid félag þar sem viðskiptavinurinn og neytandinn er settur í forgang. Það skiptir okkur því miklu máli að endurskoða sífellt þjónustugildið og bæta eins og kostur er. Undanfarin misseri hefur átt sér stað mjög afgerandi breyting sem lýsir sér í því að hlutfall lágvöruverðsverslana vex stöðugt í samanburði við aðra smásöluverslun. Aðalsöludagar þessara verslana eru um helgar og til að koma til móts við þessa þróun hefur verið tekin ákvörðun um að opna sölu og dreifingu á laugardögum. Með þessu móti þjónum við betur þessum aðilum og komum jafnframt í veg fyrir vöruskort sem hefur stundum sést á sunnudögum hjá þessum verslunum. Við teljum að þessi ráðstöfun muni skila sér í meiri sölu sem mun vega á móti þeim aukna kostnaði sem við höfum af laugardagsopnun.

Töluverðar breytingar hafa orðið á mjólkursöfnun félagsins á undanförunum mánuðum. Nýtt leiðakerfi var tekið upp á Vesturlandi fyrir nokkru sem gerði okkur kleift að fækka um einn bíl á því svæði auk þess sem breytingar á söfnuninni á Suðurlandi hafa skilað sér í aukinni hagræðingu. Smiðshöggið á þessar breytingar er svo að gera MS svæðið að einu gjaldsvæði hvað varðar flutningana og miðstýra þessum flutningum þó svo að dagleg stjórnun þeirra fari fram hjá mjólkurbúunum eins og verið hefur. Stjórn félagsins hefur tekið ákvörðun um flutningsgjald fyrir árið 2006 og verður það 2,05 kr á hvern líter. Hér er um verulega lækkun að ræða til bænda og okkur stjórnendum hvatning til að gera sem allra best í þessum þætti starfseminnar.

Framundan eru aðalfundir deilda hjá MS og er ráðgert að þeir hefjist í lok febrúar. Við munum senda út yfirlit um deildafundina þegar endanleg niðurstaða er fengin varðandi dagsetningar og fundarstaði. Ég hvet alla framleiðendur að mæta vel á deildafundina sem eru mikilvægur vettvangur skoðanaskipta auk þess sem þessir fundir eru grunnurinn að okkar félagsformi. Af hálfu MS munu mæta á fundina stjórnarformaður, undirritaður og viðkomandi mjólkurbússtjóri. Fyrir utan venjuleg málefni þ.e. yfirlit um rekstur, starfsemi og framleiðslumál, hefði ég áhuga á að ræða verðlagsmál landbúnaðarvara. Í kjölfar skýrslu Samkeppniseftirlitsins hefur átt sér stað sívaxandi umræða um þessi mál og nýlega tók til starfa nefnd á vegum forsætisráðherra sem á að koma með tillögur til lækkunar á matvöruverði í landinu um mitt þetta ár. Það er því okkur mikilvægt að fara vel yfir þessi málefni og móta okkur stefnu gagnvart mögulegum breytingum og reyna að hafa eðlileg áhrif á framgang mála.

Þó að það tengist ekki þessari umræðu beint þá vakti það mig til umhugsunar þegar Halldór Ásgrímsson lýsti þeirri framtíðarsýn sinni á Viðskiptaþingi nýverið að hann gerði ráð fyrir að Ísland væri orðinn hluti af Evrópusambandinu eftir 10 ár. Innganga í Evrópusambandið mun vafalítið hafa mest áhrif á grunnatvinnugreinarinnar í landinu þ.e. landbúnað og fiskveiðar. Tíu ár eru stuttur tími og ef Evrópusambandsmæðan fer að ná nýjum hæðum er mikilvægt fyrir mjólkurframleiðendur að kortleggja hvaða áhrif aðild gæti haft á mjólkurframleiðslu hér á landi og kaup og kjör þeirra sem í greininni starfa. Líklega mætti í þessu sambandi horfa til nágrannaþjóðanna Svíþjóðar og Finnlands og hvað hefur þar gerst í kjölfar aðildar sem og að meta áhrif aðildar hinna fátæku A-Evrópuþjóða sem hafa verið að bætast við Evrópusambandið.

Með bestu kveðju,



## Flutningsgjald mjólkur 2006

Stjórn MS hefur ákveðið að mjólkurflutningum á öllu félagssvæðinu verði stjórnað miðlægt og fellur sú stjórnun undir AFF svið MS (Aðföng, framleiðsla og flutningar), framkvæmdastjóri er Birgir Guðmundsson. Eftir sem áður verður dagleg stjórnun úti á starfsstöðvunum.

Með þessu fyrirkomulagi er markmiðið að ná fram aukinni hagræðingu. Allir mjólkurframleiðendur á félagssvæðinu munu greiða sama flutningsgjald hvar sem þeir búa og koma eins að varðandi þessi mál.

**Stjórn MS ákveður flutningsgjaldið fyrir eitt ár í senm. Stjórnin hefur ákveðið að flutningsgjaldið á árinu 2006 verði kr. 2,05 pr. ltr.**



Stjórn MS og forstjóri ræða málin í mjólkurkæli MS í Reykjavík

## Útgefandi MS

Ábyrgðarmaður:  
Guðbrandur Sigurðsson  
Ritstjóri:  
Páll Svavarsson, [palls@ms.is](mailto:palls@ms.is)  
Umsjón

Guðjón Reynir, [grj@ms.is](mailto:grj@ms.is)

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst MS á opnum vettvangi. Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra þess, Guðbrandi Sigurðssyni, í síma 569 2200.

### Hvatningarálág á innlagða mjólk framlengt til loka apríl

Í framhaldi af umræðum á stjórnarfundum Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) þann 27. janúar s.l. um horfur í mjólkurframleiðslu og birgðastöðu mjólkurvara, ákvað stjórn SAM að leggja til við aðildarfélögin, að áfram verði greitt sérstakt hvatningarálág á alla innvegna mjólk og gildi það fram til 30. apríl 2006.

Stjórn MS varð við þessum til-mælum og álagið er kr. 1,70 á innveginn lítra á tímabilinu.



#### Ný skilti orðin áberandi!

Þetta skilti er staðsett á Selfossi. Myndin var tekin fyrir stuttu þegar vetur konungur ræði ríkjum á landinu.

## Breyting á reglugerð

Nr. 1161/2005

23. desember 2005

### REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um mjólk og mjólkurvörur, nr. 919/2002.

1. gr. Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða:  
Í stað orðanna: „1. janúar 2006“ komi: 1. júlí 2006 og í stað orðanna: „31. desember 2005“ komi 30. júní 2006.
2. gr. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Ofangreind breyting frestar áfram ákvæðum um sölustöðvun mjólkur vegna 12 vikna margfeldismeðaltals frumutölu sem kveða m.a. á um að innleggjandi fái ekki að leggja inn mjólk, fyrr en margfeldismeðaltal síðustu 12 vikna er komið undir 400 þ. pr. ml. Með undanþágunni má innleggjandi leggja inn mjólk þó hann sé yfir 400 þ. í margfeldismeðaltali, ef síðasta reglubundna frumutölmæling af innleggsmjólk er undir 400 þ.

## Frumutalningatæki

Frumutalningatæki frá Delaval er komið á markaðinn hér á landi, tækið er einfalt í notkun og hefur reynst nokkuð vel. Það kostar 181 þús. án vsk. Sýnasettið í prufuna kostar u.þ.b. 150 kr. Mælingin tekur ca. 2 mín.

Nokkrir mjólkurframleiðendur hafa fjárfest í svona tæki að sögn innflytjanda sem er Vélaver h.f.

Þjónustufulltrúar rannsóknarstofa MS (mjólkurefirlitsmenn) eru með svona tæki í fórum sínum til nota í leiðbeiningarstarfi.




### Skrifstofur Emmessís

sem verið hafa á 3. hæð á Bitrhálsinum í Reykjavík hafa verið fluttar í aðstöðu sem staðsett er nær framleiðslu ísgerðarinnar og lagerhaldi.

Með þessum breytingum er búið að sameina vinnslu, sölu, dreifingu og skrifstofur Emmessís á einn stað.

Aðalinngangur á skrifstofuna er nú að norðanverðu.



### Sala MS á mjólkurvörum í ársbyrjun 2006 byrjar ágætlega

Heildarsala á mjólkurvörum í janúar 2006 var 3% meiri í magni og 5,6% meiri í verðmætum heldur en í janúar 2005. Í lítrum var salan 3.882 þús. lítrar í samanburði við 3.758 þús. lítrar árið áður. Aukning í lítrum er því um 113.000.- Salan í verðmætum var 536 milljónir en var 507 milljónir árið áður. Söluaukning í verðmætum er því 28,5 milljónir.

Þróun í helstu vöruflokkum er með eftirfarandi hætti. Sala á drykkjarmjólk vex um 0,8% milli ára. Sala á bragðbættum mjólkurvörum vex um 0,7% milli ára. Sala á tilbúnum réttum vex um 0,5% milli ára. Sala á stöðvörum og iðnaðarhræfni vex um 8,5% milli ára. Sala á markfæði og bætiefnavörum vex um tæp 18% á milli ára. Taka verður tillit til þess í sölusamanburði almanaksmánaða á milli ára að það getur verið mismunandi fjöldi söludaga í mánuði milli ára.

Í janúar 2006 er einum söludegi meira en í janúar 2005 og hefur það áhrif til hækkunar fyrir janúar 2006.

### Framleiðsla og nýting greiðslumarks mjólkur á verðlagsárinu 2005-2006

MS sept-jan:	2005-2006	2004-2005	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	27.849.347	28.629.886	-780.539	-2,73%
Greiðslumark	70.682.963	67.825.798	2.857.165	4,21%
<b>Nýting greiðslumarks</b>	<b>39,40%</b>	<b>42,21%</b>		

Landið sept-jan:	2005-2006	2004-2005	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	42.515.595	44.292.113	-1.776.518	-4,01%
Greiðslumark	111.000.000	106.000.000	5.000.000	4,72%
<b>Nýting greiðslumarks</b>	<b>38,30%</b>	<b>41,79%</b>		

MS jan-jan	2006	2005	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	6.453.001	6.265.303	187.698	3,00%

#### Innvegin mjólk á svæði MS

MS síðustu 5 vikur:	2005-2006	2004-2005	Mismunur	Hlutfall
Vika 02	1.449.163	1.423.995	25.168	1,77%
Vika 03	1.459.647	1.425.437	34.210	2,40%
Vika 04	1.476.012	1.447.438	28.574	1,97%
Vika 05	1.486.712	1.458.261	28.451	1,95%
Vika 06	1.506.413	1.455.313	51.100	3,51%
<b>Samtals:</b>	<b>7.377.947</b>	<b>7.210.444</b>	<b>167.503</b>	<b>2,32%</b>